

**Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 17. apríl
klukkan 17:30, Melabraut 17.**

Mætt eru: Daníel Örn Hinriksson, formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður, Maríanna Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, ritari og Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá

Erindi afgreidd milli funda:

Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri félagsins hefur sagt upp störfum og því hefur staða framkvæmdastjóra verið auglýst. Umsóknarfrestur er til og með 7. maí 2023 og fara umsóknir í gegnum umsóknarvefinn Alfreð, www.alfred.is. Guðnýju þökkum við gott samstarf og hennar góðu störf fyrir félagið.

Umsögn félagsins vegna frumvarps til breytingar á lögum um fjöleignarhús, nr.26/1994, var send nefndasviði Alþingis.

Erindi frá félagsmanni

Erindi barst frá félagsmanni sem lýsti yfir áhyggjum sínum vegna þess að ársfundir ræktunardeildar síðustu 5 ára hafi allir verið haldnir utan lögboðins tíma skv. starfsreglum ræktunardeilda, allt frá lok apríl mánaðar fram í júní. Óskaði félagsmaður eftir að stjórn HRFÍ taki afstöðu til lögmætis varðandi kjör á stjórnarmeðlimum þessa ára og allra þeirra ákvarðana sem hafa verið teknar varðandi hin ýmsu málefni sem hafa verið tekin sl 5 ár. Einnig er óskað eftir mati stjórnar

HRFÍ til hæfni þessara aðila til að sitja í stjórn ræktunardeildar “þar sem ekki er hægt að stóla á að þessir aðilar fari eftir reglum félagsins.”

Fundur er lögmætur sökum þegar lögmæti fundarins er samþykkt á fundinum. Stjórn ræddi að senda erindi á stjórn deildarinnar.

Melabraut 17

Umsókn um frjálsa og sérstaka skráningu húsnæðisins hjá Skattinum þarf að fylgja leigusamning milli RA og félagsins. Leigusamningurinn var undirritaður á fundinum.

Gjaldskrá fyrir afnot af húsnæðinu var rædd á fundinum. Mikilvægt að sá kostnaður sem fellur til vegna slæmrar umgengni lendi ekki á félaginu heldur leigutaka. Nauðsynlegt að félagið festi kaup á hentugum skúringargræjum sem auðvelda notendum að halda rýminu hreinu sem og nauðsynlegum búnaði svo hægt sé að halda deildarsýningar í salnum. Reglur um leigu og verðskrá verða birt fljótlega ásamt bókunarkerfi.

Aðalfundur HRFÍ

Undirbúningur fyrir aðalfund er í fullum gangi. Ársskýrsla stjórnar var yfirfarin og samþykkt á fundinum.

Á síðasta ársfundi var samþykkt tillaga um að DNA greining undaneldisdýra skuli fylgja við skráningu í ættbók. Stjórn hefur kannað möguleikann á þessu og mismunandi útfærslur. Tillagan verður lögð fyrir næsta aðalfund til samþykktar félagsmanna.

Önnur mál

Fundi slitið klukkan 19:30

Samþykkt DH